

# FYRSTU SAMTÖKIN OG BARÁTTAN FYRIR NÁTTÚRUVERND



Frá því að Hjörleifur kom heim frá háskólanámi í Þýskalandi árið 1963 hefur hann verið í forstu opinberrar umræðu um umhverfis- og náttúruvernd. Hann starfaði í fyrstu sem kennari og náttúrufraeðingur á Austurlandi. Þar hafði hann frumkvæði að stofnun Náttúruverndarsamtaka Austurlands og vann að uppbryggingu náttúrugripasafns í Neskaupsstað. Hann var formaður NAUST frá stofnun 1970 – 1979 en á þeim tíma beittu samtökin sér fyrir friðlýsingu margra svæða. Þá varð einnig til í Neskaupsstað fyrsti fólkvangurinn hérlandis, formlega friðlýstur vorið 1972.

Hjörleifur sat lengi í Náttúruverndarráði og var um árabíl formaður nefndar sem stýrði uppbryggingu þjóðgarðsins í Skaftafelli. Í Þingvallanefnd átti hann sæti í 12 ár 1980 – 1991. Á Alþingi var Hjörleifur frumkvöðull að lagasmíð á svíði umhverfis- og náttúruverndarmála. Hann átti sæti í umhverfisnefnd Alþingis frá byrjun 1990 – 1999. Hann átti drjúgan þátt í afgreiðslu náttúruverndarlaga sem sett voru árið 1999 og bættu mjög stöðu náttúruverndar og styrktu almannarétt. Hjörleifur hefur um langt skeið verið mikilvirkur rithöfundur og tekið virkan þátt í umræðum um umhverfis- og náttúruverndarmál heima og erlendis.

## 1972 Tillaga um umhverfisráðuneyti

### Á fyrsta náttúruverndarþingi flutti Hjörleifur eftirfarandi tillögu í nafni NAUST:

„Náttúruverndarþing beinir þeim eindregnu tilmælum til Alþingis, að það kjósi nefnd til að endurskoða og samræma alla löggjöf varðandi umhverfismál með það fyrir augum, að stjórn þeirra verði falin sérstökum umhverfisráðuneyti.“


**Tillagan var samþykkt með breyttu orðalagi. Umhverfisráðuneyti var loks stofnað 18 árum síðar árið 1990.**

## 1987 Nátttröll á alþjóðavettvangi

### Úr riti Hjörleifs „Umhverfismál, hvar stöndum við?“

„ Skipulagsleysi í stjórnkerfi okkar á svíði umhverfismála veldur því að Íslendingar eru að verða eins og nátttröll í alþjóðlegu samstarfi. Ekkert eitt ráðuneyti er ábyrgt á þessu svíði. Við stöndum utan við marga alþjóðasamninga og samþykktir varðandi mengun, sem ekki þekkir nein landamæri. Sama máli gegnir um fjölbjöðlegt átak til að draga úr hættulegri mengun, en á því svíði eru hin Norðurlöndin í fararbroddi. Einnig eru dæmi þess að ekkert sé hirt um að fylga eftir samningsbundnum skuldbindingum, sem Íslendingar hafa gerst aðilar að um mengunarmál.“

## 1998 Tillaga Hjörleifs um fjóra stóra þjóðgarða á miðhálendeninu



**Alþingi samþykkti þann hluta tillögunnar sem varðaði Vatnajökulsþjóðgarð**

## 1974 Samband íslenskra náttúruverndarfélaga - SÍN

Á þjóðháttíðarárinu 1974 var gengið frá stofnun landssambands þeirra landshlutasaftaka um náttúruvernd sem þá störfuðu.

Þetta voru:

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN)

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)

Náttúruverndarsamtök Vesturlands (NV)

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NS)

Vestfirsk náttúruverndarsamtök (VN)


Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands (NSV)

Ný lög um náttúruvernd töku gildi 1972 og þá var haldið fyrsta náttúruverndarþingið. Náttúruverndarráð sem þá var kosið hafði náið samstarf við frjálsu náttúruverndarsamtokin, sem á þessum árum tilnefndu mörg svæði og náttúruminjar sem hefðu verndargildi.

Í mars 1973 lagði NAUST fram drög að náttúruminjaskrá fyrir Austurland sem byggðist á upplýsingum sem félagar höfðu tekið saman. Í tillögunum var m.a. gert ráð fyrir friðlýsingu stórra svæða á Austurlandi, s.s. á Lónsöræfum, í Krepputungu og Kverkfjöllum, við Borgarfjörð eystra og Loðmundarfjörð og á Gerpiðsvæðinu.

Landvernd var stofnuð 25. október 1969. Samtökin voru fyrst og fremst skipulögð sem regnhlífarsamtök ólíkra félaga og samtaka sem vildu leggja gróðurvernd lið. Á fyrstu starfsárum samtakanna voru einkum landgræðslu- og gróðurverndarmál á dagskrá auk þess sem samtökin innleiddu hreinsunarátask undir kjöröðinu „hreibint land, fagurt land“.

Fuglaverndarfélag Íslands var stofnað árið 1963 og var í upphafi lögð áhersla á verndun sjaldgæfra varpfugla. Helstu opinberar stofnanir sem fjölluð um umhverfismál á þessum tíma voru menntamálaráðuneyti, Náttúruverndarráð, náttúruverndarnefndir sveitarfélaga, heilbrigðisráðuneyti og Náttúrufræðistofnun Íslands.



Síða úr stofnfundargerð NAUST 13. september 1970

### Ávarp til Austfirðinga vegna stofnunar samtaka um náttúruvernd 14. júní 1970

Náttúruvernd gerist ekki af sjálfu sér eða með lagasetningu einni saman. Til að tryggja framgang náttúruverndarsjónarmiða verða allir sem skilning og áhuga hafa á náttúruvernd að leggja málstaðnum lið. Því höfum við sem að ávarpi þessu stöndum ákveðið að vinna að stofnun samtaka áhugamanna um náttúruvernd í Austfirðingafjórðungi. Heitum við á alla þá sem leggja vilja náttúruvernd í fjórðungnum lið að ganga í samtökin hið fyrsta en formlegur stofnundur þeirra verður haldinn síðumars. Þeir sem óska eftir inngöngu í samtökin geta látið skrá sig hjá einhverjum úr undirbúningsnefndinni sem undirritar þetta ávarp. Auk beinnar aðildar einstaklinga að samtökunum óskum við eftir því að félög, klúbbar, fyrirtæki og stofnanir verði styrktaraðilar samtakanna.

Samtökin munu vinna að náttúruvernd á breiðum grundvelli í samræmi við lög um náttúruvernd og í samvinnu við alla þá aðila innan og utan fjórðungs sem láta sig náttúruvernd varða.

Þessi náttúruverndarsamtök munu meðal annars beita sér fyrir eftirfarandi:

- Fræðslu um náttúruvernd meðal almennings.
- Heimildasöfnun um náttúrafarsleg efni innan fjórðungsins.
- Rannsóknar um tilteknar svæðum.
- Tillögugerð í náttúruverndarmálum.
- Bættri aðstöðu fyrir almenning til að fræðast og ferðast um landið án þess að valda spjöllum.

Við heitum hér með á Austfirðinga að veita þessum náttúruverndarsamtökum brautargengi þegar frá upphafi. Við væntum þess að áhugafólk um náttúruvernd láti hið fyrsta skrá sig inn í samtökin. Við mælumst til þess við félög, klúbbar, stofnanir og fyrirtæki að þau gerist styrktaraðilar samtakanna. Tryggjum þannig að myndarlega verði staðið að náttúruvernd á Austurlandi í framtíðinni.

Hallormsstað 14. júní 1970

Séra Sigmar Torfason, Skeggjastöðum, Bakkafirði, Viglundur Pálsson bóndi Refsstað, Vopnafirði, Ingvar Ingvarsson bóndi, Desjarmýri, Borgarfirði, Sigurður Blöndal skógarvörður, Hallormsstað, Erling Garðar Jónasson rafveitustjóri, Egilsstöðum, Oddur Ragnarsson skrifstofumaður, Seyðisfirði, **Hjörleifur Guttomsson** kennari, Neskaupstað, Hilmar Bjarnason skipstjóri, Eskifirði, Sigfús Kristinsson bifreiðarstjóri, Reyðarfirði, Jón Erlingur Guðmundsson sveitarstjóri, Fáskrúðsfirði, Petra Sveinsdóttir húsmóðir, Stöðvarfirði, Sigríður Helgasóttir húsmóðir, Staðarborg Breiðdal, Sera Trausti Pétursson prófastur, Djúpavogi, Egill Benediktsson bóndi, frá Þórisdal Lóni, Sigurður Hjaltason sveitarstjóri, Höfn Hornafirði og Hálfðán Björnsson bóndi, Kvískerjum Öræfum